

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/2826
komudagur 31.5.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2011.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (slit, eftirlit og innleiðing). 139. löggjafarþing, þskj. 1382 – 783. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur fengið framangreint frumvarp til umsagnar. Í frumvarpinu er meðal annars að finna ákvæði til innleiðingar á tilskipun 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit fjármálastofnanna en Eftirlitsstofnun EFTA mun hafa gert athugasemdir við fyrri innleiðingu. Þá er með frumvarpinu mælt fyrir um eftirlit með rekstri fjármálafyrirtækis sem stýrt er af slitastjórn og hæfi slitastjórnarmanna. Laganefnd telur umrædd ákvæði gefa tilefni til eftirfarandi athugasemda.

2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um nýjan málslið er bætist við 4. mgr. 101. gr. laga um fjármálafyrirtæki (ffl.) svohljóðandi: Þeir menn sem eiga sæti í slitastjórn skulu einnig uppfylla hæfisskilyrði 2. mgr. 4. másl. 3. mgr. og 4. mgr. 52. gr. Ekki er hins vegar að finna tilvísun til 5. og 6. mgr. sömu greinar sem heimilar stjórnarsetu í öðru fjármálafyrirtæki við tiltekin skilyrði, s.s. ef fyrirtækin tilheyra sömu samstæðu. Að mati laganefndar er brýnt að taka af öll tvímæli um að stjórnarmönnum slitastjórnar verði eftir sem áður heimilt að taka sæti í stjórn dótturfélags til að gæta hagsmuna móðurfélagsins og rækja þannig þá ábyrgð sem slitastjórn er falin með ffl. og lögum um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991.

3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um sérstakt eftirlit Fjármálaeftirlitsins með rekstri fjármálafyrirtækis sem stýrt er af slitastjórn. Laganefnd telur rétt að vekja sérstaka athygli á umsögn Fjármálaeftirlitsins um ákvæðið dags. 16. maí 2011 þar sem fram kemur að stofnunin telur mjög óljóst í hverju umrætt eftirlit eigi að vera fólgið og bendir á að eftirlitið kunni að skarast á við hlutverk héraðsdómara í tengslum störf skiptastjóra skv. XIII. kafla laga um gjaldþrotaskipti. Vísast í því sambandi til athugasemda Fjármálaeftirlitsins um eftirlit með viðskiptaháttum.

Laganefnd telur eðlilegt að Fjármálaeftirlitið fái heimild að lögum til að krefjast brottvikningar aðila úr slitastjórn fyrir dómi enda samrýmist það almennu eftirlitshlutverki stofnunarinnar. Nefndin telur hins vegar varhugavert að Fjármálaeftirlitið fái heimild til að víkja aðila tímabundið frá störfum. Þess ber að geta að skv. 76. gr. laga um gjaldþrotaskipti hefur héraðsdómari heimildir til þess að bregðast við aðfinnslum um störf skiptastjóra og eftir atvikum víkja honum úr starfi. Þá gerir 169. gr. sömu laga ráð fyrir tiltölulega hraðri málsmeðferð í slíkum tilvikum. Væri

Því að mati laganefndar heppilegra að kveða á um í fl. að krafa Fjármálaeftirlitsins um brottvikningu slitastjórnarmanns skuli lúta sömu málsmeðferð.

Laganefnd telur einnig vert að benda á að hið ríka eftirlit sem virðist eiga að fela Fjármálaeftirlitinu með framangreindu ákvæði felur í sér verulega breytingu frá gildandi rétti þar sem ábyrgð hvílir á skiptastjóra þrotabús enda hafi hann fullnægjandi tryggingar til starfans. Kunna því að koma upp aðstæður þar sem reynir á bótaábyrgð hins opinbera t.d. vegna þess að kröfuhafar eða aðrir þriðju aðilar telja eftirliti vera ábótavant eða heimildum misbeitt. Einnig er vert að nefna að óvíst verður að telja hver réttarstaða aðila er sem vikið hefur verið tímabundið úr slitastjórn staðfesti héraðsdómur ekki með úrskurði ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

Að þessu virtu leggst Laganefnd gegn samþykkt frumvarpsins í núverandi mynd.

Virðingarfyllst,

F. h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Dóra Sif Tynes, hdl., formaður.